



FRÉTTABRÉF

Liffræðifélags Íslands



Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Agnar Ingólfsson, Blöndubakka 15

1. árg. 3. tbl. mars 1980

Næsti fyrirlestur

Þriðjudaginn 11. mars n.k. heldur Jakob Jakobsson fiski-
fræðingur erindi, sem hann nefnir "Hrun síldarstofna og
breytingar á umhverfisþáttum". Eins og kunnugt er hrundu
flestallir síldarstofnar í Norður Atlantshafi fyrir um það
bil áratug og er ofveiði einni oftast kennt um. Í þessu
erindi mun Jakob hins veqar fjalla um hvern þátt breytingar
á umhverfisþáttum kynnu að hafa haft í þessu sambandi,
einkum hér við land. Að venju verður fyrirlesturinn haldinn
í stofu 158 í húsi verkfræði- og raunvísindadeildar, Hjarðar-
haga 2-4 og hefst kl. 20.30.

Erindi um skynjun fiska

Eins og auglýst var í fyrsta fréttabréfinu munu þeir
Guðmundur Einarsson og Logi Jónsson flytja erindi á vegum
félagsins í apríl um skynjun fiska. Var upphaflega gert
ráð fyrir að erindin yrðu haldin þriðjudaginn 8. apríl, en
vegna páskahefur nú verið ákveðið að seinka þeim um eina
viku, og eru þau nú á dagsskrá þriðjudaginn 15. apríl.

Árgjald

Póstgíroseðlar til innheimtu árgjalds fram að næsta aðal-
fundi, kr. 1500, munu berast til félagsmanna á næstu dögum.
Er þess vænst að menn bregði skjótt við og greiði gjaldið,
enda hefur starfsemi félagsins þegar haft allveruleg útgjöld
í för með sér.

Aðalfundur

Ráðgjert er að halda aðalfund félagsins miðvikudaginn 30. apríl n.k. Félagsmenn eru minntir á það, að tillögur til lagaþreyinga skulu lögum samkvæmt fylgja fundarboði. Því er nauðsynlegt, að slíkar tillögur, ef nokkrar eru, berist til stjórnar sem fyrst og ekki síðar en 1. apríl.

Skoskur grasafræðingur í heimsókn

Víkuna 17.-24. mars mun dveljast hér á landi í boði Edinborgarfélagsins dr. C.H. Gimingham, prófessor í grasafræði við háskólann í Aberdeen. Dr. Gimingham er kunnur fyrir vistfræðirannsóknir sínar, sem hafa einkum beinst að gróðri hinna skosku heiða. Dr. Gimingham mun flytja tvö erindi á vegum verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands meðan hann dvelst hér. Verður fyrri erindið haldið þriðjudaginn 18. mars og fjallar um "Man and nature in Scotland", en hið síðara nefnir hann "The Scottish Highlands and their flora" og verður það haldið fimmtudaginn 20. mars. Bæði erindin verða haldin í húsnæði Líffræðistofnunar Háskólans að Grensásvegi 12 (stofa G 6) og hefjast kl. 20.30. Öllum er heimill aðgangur.

Árshátíð

Ákveðið hefur verið að halda árshátíð, og hefur stjórnin skipað harðsnúið lið í skemmtinefnd til þess að annast undirbúning. Í nefndinni eru: Gísli Már Gíslason (formaður, Líffræðistofnun), Sigurður Richter (Keldur), Karl Skírnisson (Keldur), Karl Gunnarsson (Hafrannsókn), Margrét Steinarsdóttir (Rannsóknastofa Háskólans í Meinafræðum), Halldór Þorgeirsson (Líffræðistofnun og Rala), Jón Kristjánsson (Veiðimálastofnun) og Eyþór Einarsson (Náttúrufræðistofnun).

Nefndin hefur haldið nokkra fundi og er nú afráðið að halda ársþáttíðina 30. apríl í félagsheimili Póstbræðra, Langholtsvegi 109-111. Aðgangseyrir verður um 5000 - 6000 kr, og er eftirfarandi innifalið í verðinu:

- 1) Forkokteill að Grensásvegi 12
- 2) Sætaferð á veislustað
- 3) Matur
- 4) Lifandi tónlist
- 5) Diskó
- 6) Veislubrauð
- 7) Söngtextar og annað skemmtiefni

Miðar verða prentaðir og seldir hjá skemmtinefndarmönnum innan skamms. Ársþáttíðin verður nánar auglýst í næsta fréttabréfi.